



Umhverfisstofnun
Skuggasundi 1
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 12. júní 2008
Tilvísun: 2008010081
Bréfalykill: 50.15
Verknúmer: 1083000

Efni: Beiðni um endurupptöku ákvörðunar um mat á umhverfisáhrifum.

Orkustofnun vísar til erindis umhverfisstofnunar, dags. 9. júní sl., þar sem óskað er umsagnar stofnunarinnar um beiðni Icelandic Water Holdings ehf. um endurupptöku ákvörðunar um mat á umhverfisáhrifum fyrirhugaðrar vatnsátöppunarverksmiðju fyrirtækisins við Hlíðarenda í Ölfusi. Í erindinu er beiðni um endurupptöku rökstudd með vísan til þess að með því að byggja á umsögn Orkustofnunar, sem byggðist á ályktunum á grundvelli óbeinna gagna, frekar en skýrslu sömu stofnunar frá 1995, sem byggð var á beinum mælingum, verði að telja að ákvörðun ráðuneytisins hafi byggst á ófullnægjandi upplýsingum.

Umsögn Orkustofnunar er tvíþætt. Annars vegar er fjallað um sjónarmið er varða afléttingu vatnsverndar í tengslum við breytingu á skipulagi umrædds svæðis og hugsanlega hættu af mengunarefnum frá skipulögðu iðnaðarsvæði, sem vikið er að í 2. tölul. kæru. Hins vegar fjallar umsögnin um sjónarmið er lúta að áhrifum af vinnslu grunnvatns úr lindum á rennsli lækjar, sem vikið er að í 5. tölul. kærunnar. Eins og fram kemur í umsögninni er það álit Orkustofnunar á grundvelli þessara sjónarmiða að fyrirhuguð starfsemi kunní að hafa umtalsverð áhrif á grunnvatn á svæðinu og því beri að meta umhverfisáhrif starfseminnar.

Hvað varðar þann hluta umsagnarinnar er snertir skipulagsþátt málsins þá kemur fram í úrskurði umhverfisstofnunarinnar að atriði er eigi undir skipulagsvald sveitarfélaga falli utan valdsviðs ráðherra í málinu. Í forsendum og niðurstöðu úrskurðarins er þrátt fyrir þetta vísað til þess þáttar umsagnar Orkustofnunar sem fjallar um skipulagsleg atriði með þeirri breytingu að framkvæmdin, í stað breytinga á skipulagi, er talin skerða vatnsvernd á svæðinu. Í þessu sambandi er rétt að benda á að Icelandic Water Holdings ehf. hefur með bréfi til iðnaðarráðuneytisins dags. 3. júní 2008 sótt um nýtingarleyfi á lindum í landi Hlíðarenda í Ölfusi til vatnsvinnslu. Erindið var framsent Orkustofnun til umsagnar 6. júní 2008. Með umsókninni um nýtingarleyfi fylgja frekari gögn um fyrirkomulag frárennismála frá verksmiðjunni, ásamt skuldbindingu um að umgangast verksmiðjusvæðið eins og það nyti vatnsverndar.

Í skýrslu Almennu verkfræðistofunnar og ÍSOR er fylgir umsókn um nýtingarleyfi er vitnað til skýrslu Orkustofnunar frá 1995, "Þorlákshöfn, Grunnvatn og vatnsvernd". Sú skýrsla inniheldur kort með tillögum um grannsvæði aðalvatnsból Þorlákshafnar, sem fylgt var við gerð aðalskipulags fyrir Ölfus eins og það var fyrir breytingu á því árið 2007. Verksmiðjusvæði Icelandic Water Holdings ehf. sem sett var á skipulag 2007 er innan þessa grannsvæðis eins og það var skilgreint 1995, og er því fullt samræmi í fyrri niðurstöðum Orkustofnunar varðandi nauðsyn varúðar, þegar hluti grannsvæðisins er tekinn undir

verksmiðjusvæði. Tvennt var þar einkum nefnt til sögunnar er gæta þyrfti varúðar um, annars vegar frárennsli og hins vegar hætta á mengunarslysum vegna þungaflutninga að og frá verksmiðjunni.

Fyrirkomulag frárennslismála verksmiðjunnar, þar sem frárennsli er beint út fyrir verksmiðju- og vatnsverndarsvæðið, er fullnægjandi lausn, bæði gagnvart verndun vatnsbóla Þorlákshafnar og gagnvart hreinleika grunnvatns sem dælt yrði upp í lækinn til mótvægis við missi lindavats í honum. Þá stendur aðeins eftir hættan af mengun vegna þungaflutninga, og er aðalhættan þar fólgin í því að dísilolía leki í grunnvatnið af flutningbíl sem veltur. Mótvægisáðgerðir gegn því geta verið af tvennum toga, sem binda mætti í nýtingarleyfi. Annars vegar mætti setja skilyrði um að leggja þéttidúk undir vegstæði og bílaplan á verksmiðjulóð eða að nota hæfilegt magn fylliefna undir veg og plan sem tefja myndu fyrir framrás olíu niður til grunnvatnsins þannig að færi gæfist til að fjarlægja menguð jarðefni í tæka tíð. Hins vegar mætti setja skilyrði um að nota eingöngu metan- eða vetnisknúna flutningabíla við flutninga að og frá verksmiðjunni, og þyrfti þá ekki þéttidúk eða sérstök fylliefni.

Framangreindar áðgerðir, sem ýmist hafa verið ákveðnar eða binda mætti í nýtingarleyfi og önnur leyfi vegna framkvæmdarinnar gera það að verkum að ekki er ástæða til að ætla að þessir þættir séu líklegir til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif.

Varðandi þann þátt umsagnar Orkustofnunar sem fjallar um áhrif á vinnslu grunnvatns úr lindum á rennsli lækjar vekur athygli að í úrskurði umhverfisráðherra segir að í athugasemdum framkvæmdaraðila komi fram að þegar gerðar mælingar sýni að sáralítill munur sé á hitastigi og efnasamsetningu vatns í lindum við Hlíðarenda og vatninu í hraununum suður af Hlíðarenda. Þessar upplýsingar, auk upplýsinga um rennslismælingar, koma einnig fram í gögnum er fylgdu umsókn fyrirtækisins til iðnaðarráðherra um nýtingarleyfi en lágu ekki fyrir þegar Orkustofnun veitti umsögn sína. Út frá þessum upplýsingum virðist mega ráða að framkvæmdin sé ekki líkleg til að hafa veruleg umhverfisáhrif á vatnafar svæðisins.

Með vísan til ofangreinds er það niðurstaða Orkustofnunar að ákvörðun ráðuneytisins um matskyldu hafi byggst á ófullnægjandi upplýsingum um málsatvik.

Virðingarfyllt

Kristinn Einarsson Lárus Ólafsson